

## Athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum í frummatsskýrsla vegna efnistöku í Hvalfirði. Útg. október 2008

Reykjavík 25 Nóv 2008

Það er margt sem ekki er tekið tillit til í þessari skýrslu þrátt fyrir ábendingar landeigenda og skal þar fyrst nefna landbrot í fjörum framan við Laufagrunnsnámu.

Undirritaður er fæddur og uppalin á Melum á Kjalarnesi og fjaran var vettvangur leikja á uppvaxtarárum. Á hverju vori voru lögð hrognkelsanet sem vitjað var um daglega ef veður leyfði, báturinn var dregin uppúr fjörunni á Ferguson 35 án vandkvæða og ekki þurfti að laga niðurkeyrsluna niður í fjöru að vori. Ástandið er núna á þann veg að það vantar allt fína efnið í (um það bil 1 metir) fjöruna og eingöngu stórgrýti eftir. Sunnudaginn 23 Nóv síðastliðinn varð mér á að fara niður í fjöru á fjórhjóli (4X4) í þriðju adrennu komst ég uppúr fjörunni sem er orðin ófær öllum farartækjum. Landrof er hafið við strendur Mela frá þeim tíma sem efnistaka hófst á Laufagrunni, ekki hefur verið hægt að benda á að veðurfar hafi verið með einhverjum öðrum hætti sem valdi þessu á þessum tíma.

Kynningarfundur sem haldinn var í Fólkvangi vað því svarað að eingin reynsla eða kunnátta væri hérlandi hvað skeður á grunnsævi við aukna dýpt eða hve miklu þyngri aldan geti verið við mismunandi dýpi. Í skýrslu Siglingamálastofnunnar sem varða Laufagrunn er reynt að sannfæra mann um að við aukið dýpi lækki aldan en á öðrum stað er sagt að aldan minnki við minna dýpi. Það er einungis stuðst við eina vindátt en ekki við mismunandi vindát sem er ekki trúverðug rannsókn. Í skýrslu eftir A.H. **Brampton** og C.D.R. **Evans: Regional seabed sediment studies and assessment of marine aggregate dredging**. Í þeirri skýrslu eru talin upp þau atriði sem höfundarnir telja að kanna þurfi til að tryggja að efnistaka hafi ekki neikvæð áhrif á aðliggjandi strendur ásamt öðrum skýrslum sem fjalla um sama efni er ítrekað bent á Hallsands. Það kemur fram að dýpi og lögun náma geti haft miklið að segja hvernig straumar geti breitt öldunni og valdi skaða á ströndum vegna efnis sem dregst út.

Þar sem talað er um sýnatökur í og utan náma er verið að taka sýni innan áætlaðs námasvæðis þar sem Björgun er búin að taka efnissýni út um allt fyrirhugað námasvæði og gætu þess vegna varla verið talin ósnortin.

Þar sem fjallað er um setflutninga er stuðst við mælingar frá Danmörku og Englandi. Er ekki vitað hverjir straumar eru í Hvalfirði? og er þá mikið mál að reikna það nákvæmar út frekar en segja 50 til 300 metrar. Skekkjumörkin eru mikil. Og hver er munurinn þegar það er stíf norðanátt. Við þær aðstæður hefur sést skítarák frá dæluskipi á Laufagrunni langleiðina að Andrésey. Það eru þekkt góð lúðumið á Laufagrunni (um það bil 100 metra frá hólmanum) frá fornu og var nýtt af forfeðrum okkar og fiskimönnum undanfarin ár. Hvaða áhrif hefur þessi efnistaka á þau mið?

Þegar stækkun á námu er frá 6.62 ha í 267,4 ha og áætluð efnistaka er þrettánmiljónir rúmmetra og bent hafi verið á landbrot í Saurbæ, Hjarðarnesi (ef sem horfir verður Hallesands Íslands) og á Melum, er eðlileg krafa að Laufagrunnsnáman fari ein og sér í umhverfismat. Til stuðnings um sér umhverfismat er það sem hér er ritað og **minnisblaði frá 23 júní 2008**. Í minnisblaðinu eru myndir frá Saurbæ, Hjarðarnesi og **Melum og Kiðafellsmelum** en myndin er af Melum og Útkoti tekin frá fjöru með Esjuna í baksýn í stað að taka myndir af fjörum frá Saurbæ til ósa Kiðafellsár. Fram kemur hjá skýrsluhöfundi að um landrof sé að ræða sem og þær myndir sem birtar eru í skýrslunni staðfesta.

Guðm. Oddgeir Indriðason  
Ugluhólum 12  
111 Reykjavík